

---

## Dýpkun innsiglingar Þorlákshafnar

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### 1 INNGANGUR

Þann 29. janúar 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða dýpkun innsiglingar Þorlákshafnar, Sveitarfélaginu Ölfusi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.03 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Ölfuss, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Þorlákshöfn, dýpkun innsiglingar. Fyrirspurn um matsskyldu, Vegagerðin, desember 2018.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Sveitarfélaginu Ölfusi með tölvupósti dags. 12. febrúar 2019.
- Hafrannsóknastofnun með tölvupósti dags. 8. febrúar 2019.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með tölvupósti dags. 7. febrúar 2019.
- Minjastofnun Íslands með tölvupósti dags. 6. febrúar 2019.
- Umhverfisstofnun með tölvupósti dags. 18. febrúar 2019.

#### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að áætlað sé að dýpka innsiglingu Þorlákshafnarhafnar. Áætlað sé að heildarefnismagn dýpkunarinnar verði 49.000 m<sup>3</sup> á ári næstu 3 árin og efnið verði fjarlæggt með dæluskipi. Þar eftir verði siglt með dýpkunarefnið á losunarstað, sem sé um 1,5 sjómílar suðaustur af höfninni, og sé dýpi á losunarstað um 40 m. Losunarstaðurinn sé um 25.000 m<sup>2</sup> að stærð og hefur hann verið notaður áður vegna dýpkana á höfninni. Fram kemur að rannsóknir hafi farið fram innan hafnarinnar og á dýpkunarstað. Niðurstöður þeirra séu að jarðefni sem þar sé að finna sé meðalgrófur sandur sem sé það jarðefni sem sé algengast við suðurströnd landsins.

#### 4 UMHVERFISÁHRIF

##### Botndýralíf

Fram kemur að Hafrannsóknastofnun hafi unnið rannsókn á losunarstaðnum og niðurstöður þeirrar rannsóknar verið þær að botndýralíf á staðnum endurspeglar botndýrasamfélag sem þrífist á þessum slóðum. Í niðurstöðum Hafrannsóknastofnunar kemur fram að öll botndýr sem hafi fundist séu algeng og hafi lágt verndargildi. Fram kemur að losunarstaðurinn hafi verið notaður í áratugi og áætlað sé að búið sé að losa um 600.000 m<sup>3</sup> af efni frá 12 dýpkunarframkvæmdum sem framkvæmdar hafi verið síðan 1982.



Fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar að botndýralíf á svæðinu sé aðlagð óstöðugu umhverfi vegna þess rasks sem orðið hefur við losun í gegnum árin.

Þá segir í umsögn stofnunarinnar að í nálægð við hafnarsvæðið í Þorlákshöfn sé þekkt sellátur landsela, bæði austan og vestan við svæðið. Bent er á að landselurinn sé metinn í bráðri hættu á valista spendýra. Telur stofnunin að kanna ætti hvort ástæða sé til að vakta ástand losunarstaðar með tilliti til að sellátur sé í nágrenni við staðinn.

## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Samkvæmt Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 á að tryggja aðstöðu fyrir flutningastarfsemi og aðra hafnsækna starfsemi.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig leyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda.

## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða dýpkun Þorlákshafnarhafnar og efnislosun 1,5 sjómílu suðaustur af höfninni. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2.03 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

### Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem umfangi og úrgangsmýndun, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Með framkvæmdunum er verið að gera viðhaldsdýpkanir á höfninni í Þorlákshöfn og haugsetja efnid á þekktum losunarstað sem notaður hefur verið í áráraðir. Áætlað er að fjarlægja úr innsiglingarrennu hafnarinnar og höfninni sjálfri talsvert magn af efni næstu 3 árin.

### Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum og kjörlendis dýra sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Framkvæmdasvæðið sem um ræðir er í mynni hafnarinnar í Þorlákshöfn og losunarsvæðið er í nágrenni við höfnina og hefur verið notað oft áður til efnislosunar vegna dýpkana í höfninni. Ekki er um verndað svæði að ræða en bæði vestan og austan Þorlákshafnar er að finna sellátur þar sem meðal annars landselur hefst við sem er á valista og telur ástæðu til að fylgst sé með hugsanlegum áhrifum losunar á selalátrin.

### Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmda að teknu tilliti til eðlis og staðsetningar framkvæmdar, svo sem stærðar áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum og varanleika áhrifa, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Ljóst er að áhrif framkvæmdarinnar felast fyrst og fremst í losun efnis á losunarstað sem nú þegar hefur verið raskað töluvert. Botndýralíf er algengt og hefur lágt verndargildi og áhrifin eru bundin við afmarkað svæði og ólíklegt að áhrifin verði veruleg á það líf sem er í þessu umhverfi sem ítrekað hefur orðið fyrir raski í gegnum árin og því aðlagast eins og kostur er þessu óstöðuga umhverfi. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun að ástæða sé til að kanna hvort að losun kunn



að hafa einhver áhrif á selalátur í nágrenninu en að öllum líkindum verða það þó tímabundin vegna ónæðis við efnisflutninga.

#### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 15. apríl 2019.

Reykjavík, 13. mars 2019

Jakob Gunnarsson

Jón Þórir Þorvaldsson